



Til hamingju með áfangann

Brautskráning kandiata frá Háskóla Íslands 24. júní 2023

Kæri kandídat.

Vorbrautskráning Háskóla Íslands nálgast óðfluga og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af þér og öðrum nemendum skólans og vonum að þér farnist sem best í framtíðinni.

Skólaárið hefur sannarlega verið krefjandi og því vonumst við einlæglega til þess að þú komist á brautskráningu í Laugardalshöllinni til að fagna vel unnu verki ásamt samnemendum þínum.

Athugaðu að með því að taka þátt í brautskráningarathöfn skuldbindur þú þig til að yfirgefa ekki salinn fyrr en að athöfn lokinni.

Við viljum jafnframt gjarnan fá að rækta tengslin við þig í framtíðinni og vekjum athygli á hollvinastarfi skólans undir hatti Háskólavina, www.hi.is/haskolavinir. Þar miðlum við upplýsingum um fjölbreytta starfsemi skólans sem vakið gætu áhuga þinn en við viljum líka fregna af þér og öðrum nemendum í framtíðinni.

Með kærri kveðju,



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Gott að vita fyrir afhendingu prófskírteina

Staður og stund: Laugardagurinn 24. júní kl. 13.30 í Laugardalshöll. Áætlað er að athöfninni ljúki kl. 15.10.

Mæting: Eigi síðar en klukkan 13.00.

Gestir: Þú mátt taka með þér tvo gesti.

Sætaskipan: Þú ert með frátekið númerað sæti sem kemur fram á nafnalista sem afhentur verður við innganginn í Laugardalshöll. Gestir sitja á öðrum stað en kandiatar, í ómerktum sætum.

Athöfnin sjálf: Þegar kemur að þínum hópi ganga kandiatar vinstra megin upp á sviðið að merkingu á gólfi. Þegar þú hefur tekið við prófskírteini úr hendi deildarforseta og kveðju rektors gengur þú niður af sviðinu til sætis. Starfsfólk Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir nánari leiðbeiningar.

Ath. Ef þú hefur **ekki tök** á að taka þátt í brautskráningunni bið ég þig vinsamlega um að **tilkynna það skrifstofu þinnar deildar fyrir kl. 15.00 mánudaginn 19. júní.**